

Fundur haldinn 21. nóvember 2014 í fundarsal Íþróttamiðstöðvar Seyðisfjarðar kl. 13:15. Mætt: Gunnþórunn Ingólfssdóttir formaður, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Sigurbjörn Marinósson.

#### Dagskrá fundarins.

1. Leiðrétting á framlagi Fljótsdalshéraðs v. B-deildar
2. Önnur mál

1. Tekið var fyrir erindi frá Fljótsdalshéraði sem kynnt var í framkvæmdastjórn á síðasta fundi. Fljótsdalshérað óskar eftir leiðréttingu á framlagi úr B-deild SKA vegna launaleiðréttingar starfsmanns í málaflokknum frá árinu 2011, en leiðréttingin er í samræmi við kjarasamning og samkvæmt ráðgjöf lögfr. Sambands ísl. sveitarfélaga. Framkvæmdastjórn hefur kynnt sér og farið yfir gögn málsins.

**Framkvæmdastjórn samþykkir samhljóða á að greitt verði úr sjóði B-deildar SKA vegna erindisins kr. 2.121.564,- enda um einstakt mál að ræða og afgreiðslan því ekki fordæmisgefandi.**

2. Framkvæmdastjórn samþykkir að taka upp ráðningarsamning forstöðumanns og gera nýjan sem verður lagður verður fyrir stjórn SKA til samþykktar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:55

Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson